

28.03.2025

Kristjana Vilhjálmisdóttir

Minnisblað um fornleifaskráningu á námusvæðum tengdum fyrirhuguðum endurbótum á Vatnsdalsvegi

Að beiðni Vegagerðarinnar sá Fornleifastofnun Íslands um fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra endurbóta og breikkunar á Vatnsdalsvegi árið 2024.¹ Úttektarsvæði var meðfram Vatnsdalsvegi auk þess sem tekin voru út fjögur námusvæði í Vatnsdal. Eftir að vettvangsvinnu lauk var ákveðið að stækka tvö námusvæði auk þess sem tvö ný bættust við og fór Vegagerðin því þess á leit við stofnunina í byrjun árs 2025 að umræddar viðbætur yrðu einnig rannsakaðar. Ný úttektarsvæði voru sem segir:²

- Náma 3: Hnjúksnáma í landi Hnjúks, stækkun um 6,10 ha frá fyrri athugun.
- Náma 4: Nautabúsnáma í landi Nautabús, stækkun um 0,55 ha frá fyrri athugun.
- Náma 5: Náma í landi Hnjúks, 0,55 ha.
- Náma 6: Brekkukotsnáma, 2,20 ha.

Vettvangsathugun fór fram í mars 2025. Gengið var skipulega um úttektarsvæðin, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Skráðar voru allar minjar innan úttektarsvæðanna en einnig voru þeir minjastaðir skráðir sem voru innan við 15 m frá jaðri úttektarsvæðapar sem helgunarsvæði fornminja er 15 m út frá ystu mörkum þeirra. Engar minjar fundust innan náma 3 og 4, en ein var skráð í námu 5 og ein í námu 6.

Náma 5 er í heimatúni Hnjúks skammt norðan við bæ, þar sem landeigandi stefnir að því að stækka plan við fjós sitt. Á því svæði, við suðurjaðar námunnar, var skráð heimild um garð, Steinagarð, sem nefndur er í örnefnaskrá jarðarinnar.³ Þar sem garðurinn lá er þegar rutt malarplan og er líklegt að öll ummerki um garðinn séu horfin, bæði ofan jarðar og neðan. Ekki eru aðrar fornleifar þekktar innan námu 5, en þó ber að nefna að heimatún jarða eru þau svæði þar sem minjapéttni er jafnan lang mest. Því eru tiltölulega miklar líkur á að áður óþekktar fornleifar finnist innan heimatúna, þó ummerki séu horfin af yfirborði.

Efnistaka er þegar á stórum hluta þess svæðis sem tekið var út í námu 6, Brekkukotsnámu, en leifar grjóthleðslu, mögulega illa farið garðlag HV-188:006 fannst um 9 m suðvestan við brún núverandi námu og telst það í stórhættu vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Mannvirkisins er ekki getið í heimildum svo

¹ Kristjana Vilhjálmisdóttir 2024.

² Númer á námu eru í samræmi við þau sem notuð voru í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands.

³ Ö-Hnjúkur, 3.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

vitað sé og landeigendur þekktu ekki uppruna þess. Ekkert er því vitað um aldur þess eða hlutverk og í raun ekki fullvíst að teljist til fornleifa í lagalegum skilningi, t.d.hugsanlegt að mannvirkið sé hleðsla undir girðingu.

Hafa ber einnig í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við framkvæmdir, hvort sem er á námusvæðum eða við vegstæði Vatnsdalsvegar, og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

Fornleifaskrá

HV-179:015 *Steingarður* heimild óþekkt

437999 552371

„Steingarður er grjótagarður norðan við fjárhús,“ segir í örnefnaskrá. Um 120 m norður af núverandi íbúðarhúsi og rúmum 40 m norðan við fjárhús er stórt malarplan, þar hefur Steingarður legið en engin ummerki sjást um garðinn.

Búið er að ryðja stórt svæði norðan við fjárhúsin og er malarplan þar í dag (2025).

Ekki sjást ummerki um Steingarðinn og hefur hann að öllum líkindum horfið vegna framkvæmda á svæðinu.

Hættumat: á ekki við

Heimildir: Ö-Hnjúkur, 3

HV-188:006 garðlag óþekkt

438230 560153

Garðlag er rúmum 500 m suður af bæ 001 og tæpum 300 m frá þjóðvegi 1.

Náma er til vesturs og er þar urð og grjót. Náman er um 4 m að dýpt og frá garðlaginu liggur aflíðandi brekka niður í námuna. Austan við garðlagið er þýfð mýri og bæði til austurs og vesturs eru ræktuð tún.

Garðlagið er grjóthlaðið og liggur suðvestur-norðaustur, það er raskað og víða rofið. Það er um 90 m á lengd, 80 cm á breidd og 10 cm á hæð. Raskið er að öllum líkindum nýlegt en á loftmynd frá 2022 má sjá að garðlagið hefur legið þvert yfir túnið og líklega hefur verið girðing á þessum stað. Heimildarmaður, Magdalena M. Einarsdóttir, kannast ekki við garðlagið en taldi að um væri að ræða upphlaðna undirstöðu fyrir grindverk.

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku



Garðlag 006, horft til norðausturs.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN

Heimildir

Kristjana Vilhjálmisdóttir (ritstjóri). 2025. Fornleifaskráning vegna endurbóta á Vatnsdalsvegi og Svínvetningabraut. FS1009-24201. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ö-Hnjúkur: Örnefnaskrá Hnjúks. 2024. Þormóður Ingi Heimisson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Skýringar á uppmælingum

- Fornleif, stórhætta
- Fornleif, hættumat á ekki við
- Úttektarsvæði 2024
- Afmörkun náma 2025
- ▨ Grjót

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll kort hér á eftir.



Vatnsdalsvegur:

Yfirlit



Náma 6

Náma 3

Náma 5

Náma 4

0 1 2 3 km






Vatnsdalsvegur: Náma 5

HV-179:015

0 10 20 30 40 50 m





Vatnsdalsvegur: Náma 6



0 20 40 60 80 100 m

